

Svar

**utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra við fyrirspurn
frá Oddnýju G. Harðardóttur um ráðningar
einstaklinga með skerta starfsgetu.**

1. *Hve margir einstaklingar með skerta starfsgetu, sbr. lög um jafna meðferð á vinnumarkaði, starfa í utanríkisráðuneytinu?*

Í ráðuneytinu starfar einn einstaklingur með skerta starfsgetu í 50% starfi.

2. *Hefur stefna verið mótuð fyrir ráðuneytið um ráðningar einstaklinga með skerta starfsgetu?*

Einn starfsmaður með skerta starfsgetu starfar í ráðuneytinu um þessar mundir. Ekki hefur verið mótuð sérstök stefna ráðuneytisins um ráðningar einstaklinga með skerta starfsgetu, en í mannauðsstefnu Stjórnarráðsins, sem gildir fyrir utanríkisráðuneytið, kemur fram að allt starfsfólk skuli eiga sömu möguleika á að nýta hæfileika sína í starfi og skuli ekki sæta mismunun af nokkrum toga.

Ein vinnustund fór í að taka þetta svar saman.

